



Berist til sýslumanns í umdæmi þar sem barn/börn eiga lögheimili.

Barn/Börn undir 18 ára aldri sem erindið varðar:						
Fullt nafn samkvæmt þjóðskrá:					Kennitala:	
Forsjá barnsins er:	hjá foreldri A	hjá foreldri B	sameiginleg	Barnið býr hjá:	foreldri A	foreldri B
Fullt nafn samkvæmt þjóðskrá:					Kennitala:	
Forsjá barnsins er:	hjá foreldri A	hjá foreldri B	sameiginleg	Barnið býr hjá:	foreldri A	foreldri B

Foreldri A:		
Fullt nafn samkvæmt þjóðskrá:	Kennitala:	Netfang:
Heimilisfang:	Póstnúmer og staður:	Sími / Símar:

Foreldri B:		
Fullt nafn samkvæmt þjóðskrá:	Kennitala:	Netfang:
Heimilisfang:	Póstnúmer og staður:	Sími / Símar:

Málshefjandi sem biður um að lagðar verði á dagsektir:			
Fullt nafn samkvæmt þjóðskrá:	Kennitala:	Netfang:	
Heimilisfang:	Póstnúmer og staður:	Sími / Símar:	
Tengsl málshefjandi við barn:	Hjá foreldri A	hjá foreldri B	sameiginleg önnur tengsl, hver:

Greinagerð vegna beiðninnar:	
1.	<p>Núgildandi fyrirkomulag umgenginnar byggir á:</p> <p>Dómsátt, dags _____.*</p> <p>Dómi landsréttar, dags _____.*</p> <p>Dómi héraðsdóms/Hæstaréttar, dags _____.*</p> <p>Samningi, staðfestum af sýslumanna, dags _____.*</p> <p>Úrskurði sýslumanns, dags _____.*</p> <p>Umgengnin hefur aldrei verið í föstum skorðum.</p> <p>*Afrit verður að fylgja.</p>
2.	<p>Síðasta umgengnin við barnið/börnin var: _____.</p> <p>Gerið grein fyrir því hve lengi og með hvaða hætti umgengni hefur verið tálmað:</p>
3.	<p>Óskað er eftir að næsta umgengin við barnið/börnin verði þann: _____ og nánari tilhögun verð sem hér segir:</p>



Berist til sýslumanns í umdæmi þar sem barn/börn eiga lögheimili.

4.	Aðrar athugasemdir:
----	---------------------

Ég fer fram á að dagsektir falli ekki niður fyrr en látið hefur verið af tálmunum og að umgengni hafi verið þrisvar sinnum fram undir eftirliti sérfræðings í samræmi við gildandi skipan umgengni. (Merkið við ef slík krafa er gerð.

Yfirlýsing og undirritun málshefjanda:	
Ég undirrituð/undirritaður lýsi því yfir að ég hef kynnt mér neðangreindar upplýsingar um þvingunarúrræði vegna tálmana gegn umgengni á og að ofangreindar upplýsingar eru gefnar samkvæmt minni bestu vitund.	
Staður og dagsetning:	Undirskrift málshefjanda:

Þvingunarúrræði vegna umgengnishindrana:

Fjallað er um rétt til umgengni í VIII. kafla barnalaga nr. 76/2003 og þar er einnig reglur um þau þvingunarúrræði sem hægt er að beita til að knýja fram umgengni þegar forsjáforeldri hindrar umgengni. Umgengni samkvæmt úrskurði, dómi, dómssátt foreldra eða samningi þeirra, staðfestum af sýslumanni verður þvinguð fram með dagsektum, tálmi sá sem hefur forsjá barns hinu foreldrinu eða öðrum sem eiga umgengnisrétt við barnið að neyta hans. Dagsektir geta numið allt að kr. 30.000 fyrir hvern dag sem líður þangað til að af tálmunum er látið. Dagsektir falla niður þegar látið hefur verið af tálmunum gegn umgengni. Sýslumaður getur, að kröfu þess sem rétt á til umgengni, úrskurðað að dagsektir falli ekki niður fyrr en látið hefur verið af tálmunum og að umgengni hafi farið þrisvar fram undir eftirliti sérfræðings í samræmi við gildandi skipan á umgengni. Gera má fjárnám fyrir dagsektum og renna þær í ríkissjóð. Ef umgengni er hindruð þrátt fyrir álagningu dagsekta og fjárnám fyrir þeim, getur héraðsdómari heimilað að umgengni verði komið á með beinni aðfarargerð. Ekki finnast lagaúrræði til að knýja fram umgengni samkvæmt munnlegum samningi foreldra eða samkvæmt óstaðfestum skriflegum samningi þeirra. Ekki eru heldur lagaleg úrræði til að knýja foreldri sem á umgengnisrétt við barn til að sinna umgengni við barn.

Sáttameðferð.

Skylt er sýslumanni að leita sátta í málinu. Foreldrum er skylt að leita sátta og býður sýslumaður þeim sáttameðferð skv. 33. gr. a barnalaga.

Málsmeðferð:

Báðum foreldrum er gefinn kostur á að tjá sig um málið við sýslumann eða fulltrúa hans og leggja fram skrifleg gögn til stuðnings kröfum sínum. Sýslumaður getur einnig aflað gagna að eigin frumkvæði ef þörf krefur, sbr. 72. gr. barnalaga. Barn sem hefur náð nægilegum þroska fær kost á að tjá sig um málið. Sýslumaður getur boðið foreldrum ráðgjöf sérfræðings í málefnum barna skv. 33. gr. barnalaga. Hægt er að leita eftir liðsinni sérfræðings í málefnum barna á hvaða stigi málsins sem er, skv. 74. gr. barnalaga. Liðsinni getur falist í því að sérfræðingur vinni að því að koma umgengni á. Hægt að fela sérfræðingi að kynna sér viðhorf barns eða foreldris og gera skýrslu um það, þá getur sýslumaður falið sérfræðingi að gefa umsögn um tiltekin álitafni þegar ástæða þykir til. Þegar mál er nægilega upplýst tekur sýslumaður ákvörðun í formi rökstudds úrskurðar. Úrskurður sýslumanns er kæránlegur til dómsmálaráðuneytis innan tveggja mánaða frá dagsetningu hans.